

sölu oliunnar tekið á sig neina ábyrgð á öðru en því, að hin selda olía væri frá steinolíufélaginu með óbreyttu merki og umbúðum, eins og það hafði afgreitt hana, en á því hefir engin vefenging verið gjörð, að svo hafi verið. Samkvæmt þessu verður að staðfesta hinn áfryjaða aukaréttardóm, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfryjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afryjandi, Bataábyrgðarfélag Vestmanneyja, greiði stefnda, Gísla kaupmanni Jóhannssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 16/1909:

Sveinn Björnsson  
fyrir hönd H. W. Friis  
gegn  
Gísla Finnssyni.

Dómur:

Stefndi Gíslí Finnsson járnsmiður höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar á hendur Agnari skipstjóra Magnússyni sem handhafa eða varðveizlumanni fjármuna nokkurra, tilheyrandi H. W. Friis útgerðarmanni

í Aalesund, er stefndi hafði látið kyrsetja með fógetagerð 9. febr. þ. á., til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu á kröfu stefnda á hendur Friis kr. 94.40. Var málið dæmt í aukaréttinum 31. marz þ. á. með þeim úrslitum, að kyrsetningargjörðin var staðfest og stefndi Agnar Magnússon fyrir hönd H. W. Friis skyldaður til að greiða Gísla Finnssyni 94 kr. 40 aur. með 5% vöxtum frá stefnudegi 9. febr. þ. á. til borgunardags og 54 kr. 25. a. í málskostnað

Þessum dómi hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálflutningsmaður fyrir hönd H. W. Friis skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. apríl þ. á og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði með eða án heimvísunar ónýttur og málinu vísað frá undirrétti, eða til vara, að málinu verði vísað heim, og enn til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. verði feld úr gildi og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst að dómurinn verði staðfestur, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi leysti borgarabréf til verzlunar í Hafnarfirði árið 1905 og greiddi þar sveitarútsvar næstu ár á eftir, síðast 1908. En þegar kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. fór fram, var hann talinn alfluttur af landi burt, og var málinu því stefnt til staðfestingar samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 um kyrsetning á útlendum manni eða fjárumunum hans. En áfrýjandi lítur svo á, að lagaboð þetta sé ekki gildandi lög hér á landi, og hafi því verið rangt



að beita því, og þó að það hafi verið gildandi lög hér, sé eigi heimild til að beita því, með því að hann sé íslenskur borgari. Samkvæmt þessu álitur hann, að málið sé eigi höfðað á réttu varnarþingi, og krefst, að því verði vísað frá undirréttinum.

Það verður þó að telja vafalaust, að áminnzt op-  
ið bréf sé gildandi lög hér á landi, og að því sé full heimild til að fara eftir því, þegar ástæður eru til þess að öðru leyti, og að svo hafi verið í þessu máli, má álíta nægilega sannað. Því er ekki haldið fram, að áfryjandi hafi verið búsettur hér á landi, þegar kyrsetningin var gjörð eða eftir það, en í áfryjunarstefnunni er heimili hans talið í Aalesund, og það skiftir því eigi máli, að hann hefir leyst borgarabréf eða rekið atvinnu í Hafnarfirði undanfarin ár. Það er því eigi ástæða til að sinna kröfu áfryjanda um frávísun málsins frá undirréttinum. Og eigi virðist heldur vera ástæða til eftir kröfu áfryjanda að vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, af þeirri ástæðu, er hann heldur fram, að forsendur dómsins séu ófullkomnar og óljósar.

Þá hefir áfryjandi fundið það að dómnum, að þar sé enginn fyrirvari hafður um það, að eigi verði leitað fullnægingar á kröfu stefnda í öðrum fjármunum en þeim, er kyrsettir voru, eins og gert er ráð fyrir í opna bréfinu 30. nóv. 1821, og krefst hann sýkunar í málinn fyrir þessa sök. En þó að þessi athugasemd áfryjanda væri rétt, gæti hún ekki réttlætt kröfu hans um sýkunar í málinu, en að eins gefið tilefni til að leiðrétta dóminn í þessu atriði. Og að visu er áminstur fyrirvari ekki tekinn upp á niðurlag dómsins, en í ástæðum hans er það

tekið fram, að kröfu stefnda verði ekki fullnægt í öðru en því, er kyrsett var 9. febr. þ. á. í húsi Agnars Magnússonar, og samkvæmt því verður að skilja dómsniðurlagið. Áfrýjandi verður því eigi sýknaður af þessari ástæðu, og með því að hann hefir ekki athugað neitt við kröfu stefnda eða tilgreint aðrar ástæður en að framan eru taldar fyrir því, að dómnum verði breytt, verður yfirdómurinn að komast að sömu niðurstöðu um aðalefni málsins sem héraðsdómurinn. Áfrýjandi hefir sérstaklega mótmælt málskostnaðarákvæði dómsins, en það verður að álíta rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, sem hæfilegt þykir að ákveða 60 kr. fyrir báðum réttum.

#### Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður að því er snertir staðfesting kyrsetningargjörðarinnar 9. febr. þ. á. og skal stefndi Gísli Finnsson eiga rétt á að gjöra fjárnám í hinum kyrsettu munum til lúkningar kröfu sinni á hendur áfrýjanda H. W. Friis 94 kr. 40 a. með 5 % vöxtum frá 9. febrúar þ. á. til borgunardags, svo og málskostnaði fyrir báðum réttum 60 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaðför.